

19. fundur Siglingaráðs

Haldinn í Samgöngustofu 3. október.

Mættir: Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Gestir fundar: Fannar Gíslason og Pétur Ingi Sveinbjörnsson (Vegagerðinni, Hafnadeild) og Geir Þór Geirsson og Aron Freyr Jóhannsson (Samgöngustofu)

Forföll: Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór Ármannsson formaður, Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

1. Fundargerð 18. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

2. Hafnir og sjóvarnir á samgönguáætlun; tillögur Vegagerðar að aðgerðum 2020-2024.

Fannar Gíslason hjá Vegagerðinni fór yfir tillögur að verkefnum við hafnir sem styrkt eru af Hafnabótasjóð. Fram kom að lítillega er aukið við fjárframlög til hafna í tillögu að samgönguáætlun fyrsta árið og er framlagið milljarður, sem helst sem árlegt framlag út tímabilið. Framlag til sjóvarna er sama og verið hefur í krónum. Helstu breytingar og yfirlit yfir stærstu verkefni má sjá á meðfylgjandi glærum.

- Fjármögnun frumrannsókna: Umræður voru um vaxandi mikilvægi sjómælinga, sérstaklega sjávarhæðarmælingar en þau verða sífellt mikilvægari í ljósi hækkandi sjávarstöðu vegna hlýnunar/ loftlagsbreytinga (IPPC; 1 m fram að aldamótum). Að mati Vegagerðarinnar þarf að leggja meiri áherslu á þetta verkefni kostnaður felst í kaupum á tækjum, kvörðun tækja og vinnu. Landhelgisgæsla vill gjarnan með í ráðum varðandi þetta verkefni enda eru sjómælingar einnig hluti af verkefnum þeirra. Dýptarmælingar í höfnum eru framkvæmdar af Vegagerðinni af bátnum Geisla
- Landssamband smábátæigenda um kostnaðarskiptingu vegna uppsetningu hafnarvoga hvort allar hafnarvogir falli undir fjármögnun. Vegagerðin sagði hafnarvogir styrktar í gegnum tíðina óháð stærð. BA sagði hafnir oftast greiða þar sem það liði oft langur tími uns hægt væri að fá fjármagn úr Hafnabótasjóði.
- Landhelgisgæsla spurði um skipulag Vegagerðarinnar. Því var til að svara að það sé nýtt skipurit í vinnslu þar sem hafnir falli nú undir mannvirkjasvið. Það sé ekki orðið ljóst hvernig skipulagi vitamála verði háttað. Landhelgisgæslan tók fram að hún væri reiðubúin að taka að sér verkefni sem snúa að vitum.
- Í umræðum um rafvæðingu hafna kom fram að erfitt er að koma slíku í framkvæmd, bæði skorti orku og lagnir sem og að ekkert samræmi væri í tengibúnaði. Var bent á framkvæmdir og kostnað við tengivirki vegna Herjólfss. Orkuskipti í skipunum sjálfum séu líklegri til að draga úr losun í framtíðinni.

3. Öryggi sjófarenda í samgönguáætlun, framkvæmd 2020-2034.

Halla Sigrún Sigurðardóttir hjá Samgöngustofu með kynningu.

- Ekki miklar breytingar í samgönguáætlun frá því sem áður var. Í kafla um Siglingaöryggi er að vanda áætlun um öryggi sjófarenda þar segir m.a. að stefnt skuli markvisst að því að auka öryggi á sjó og unnið verði að því að draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum og banaslysum til sjós. Fagna ber góðum árangri af öryggisáætluninni. Samriti af kaflanum var dreift á fundinum.
- Í aðgerðaáætluninni 2020-2024 sem borin var undir Siglingaráð eru árlega ríflega 13 milljónir til ráðstöfunar. Búið er að fara yfir verkefni sem hafa ekki klárast og verið að skipuleggja næsta ár.

4. Vinnueftirlit um borð í skipum, framkvæmd o.fl.

Ásta sagði frá því að við undirbúning að innleiða samþykkti ILO 188 um vinnuskilyrði farmanna hafi vaknað spurningar um hvernig eftirliti er háttað um borð í skipum. Geir Þór sagði frá þessu en Samgöngustofa hefur verið að skoða þessi mál eftir ábendingu frá ráðuneytinu. Í íslenskri löggjöf þarf að bæta kröfur um vinnuöryggi og vinnuvernd.

- Í dag eru í gildi mismunandi reglur fyrir flokka skipa. Almennt er kveðið á um að framkvæma skuli áhættumat en síðan er vísað til reglna um vinnuvernd í landi. Þessar kröfur snúa aðallega að vinnuveitanda. Þetta er í reglugerð nr. 200/2007 sem vísar til annarra reglugerða um vinnuöryggi í landi. Þær tala síðan um hlutverk Vinnueftirlitsins sem getur valdið ruglingi. Ekki er kveðið um reglubundið eftirlit. Samgöngustofa hefur enga frumkvæðisskyldu heldur tekur við ábendingum um það sem betur má fara. Samkvæmt vinnueftirlitinu fer Samgöngustofa með allt vinnueftirlit um borð í skipu.
- Varðandi upptöku ILO 188 er aðaláskorunin sú að áhættumat er grunnurinn að því sem skylt er að uppfylla. Það þarf að vera til staðar fyrirmynd til að auðvelda mönnum að gera áhættumat. Það þarf líka í reglunum að vera kveðið á um einhvers konar samþykki. Stærri skip eru byrjuð með áhættumat og öryggishandbók fyrir fiskiskip er í vinnslu. SKv. ILO 188 þarf einnig að taka út vistarverur og aðstöðu sjómanna um borð. Samgöngustofa hefur verið í samskiptum við Vinnueftirlitið um þörfina í fræðslu til þeirra sem eiga að framkvæma áhættumat.
- Umræður sneru að óvissu um hlutveki Samgöngustofu og gildissvið reglnanna um þessi mál. Það sé jafnframt ljóst að þetta valdi erfiðleikum við framkvæmd laganna.
- Það er því þörf á því að einfalda regluverkið. Það þarf jafnframt að tryggja að Samgöngustofa hafi úrræði ef brestur er á að farið sé eftir reglum.
- Samgöngustofa og ráðuneytið munu fara yfir þessi mál og upplýsa ráðið um framhald málsins.

5. Skútan – Nýr gagnagrunnur Samgöngustofu.

Geir Þór fjallaði um stöðu í vinnu. Þessi gagnagrunnur á að leysa núverandi skipaskrá af hólmi. Skv. útboði á verkið að vera tilbúið til prófana 10. nóvember. Hópur siglingaráðs sem tók þátt í kröfulýsingu mun taka þátt í viðmótsprófunum. Að því loknu verður farið í viðbætur og breytingar á kerfinu. Áætlað er að verklok verða á 3. og 4. fjórðungi 2020.

- Spurt var um aðgengi hagsmunaaðila að kerfinu. Þessu svarað að það verði leitað til hagsmunaaðila með viðmóts – og notendaprófanir. Þá verður hægt að búa til aðgang að kerfinu fyrir aðila þegar það er tilbúið með aðgangsstýringu. Kerfið verður tilbúið í áföngum.

6. Önnur mál

a. Alþjóðasiglingadagurinn - Ráðstefna um konur og siglingar

- Ráðstefnan var haldin 26. september 2019 og tókst í alla staði vel. Mæting var góð og kostnaður innan áætlunar. Þá hefur verið góð umfjöllun í kjölfarið, m.a. grein í Viðskiptablaðinu og útvarpsviðtal á Rás 2. Þá var ráðstefnan tekin upp og verður hægt að horfa á hana á netinu.
- Ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins hefur lagt til að farið verði í verkefni þessu tengdu á fyrsta áfanga samgönguáætlunar. Markmiðið verði að fjölga verulega konum sem hafa siglingar og sjósókn að atvinnu.
- Ásta lagði til að Siglingaráð skoði að þýða bók eftir Margaret Wilson. Verið að skoða hvaða sjóði verði hægt að sækja í til að ráðast í verkefnið.

b. Siglingaleiðir

Ásta sagði frá því að vinna er hafin við strandsvæðaskipulag. Búið er að fara í vettvangsferðir austur og vestur og það er ljóst að þörf er á vinnu við að skilgreina siglingaleiðir. Þetta mál mun berast á borð Siglingaráðs aftur á síðari stigum.

- Í umræðum var ljóst að almennt er þetta talið vandamál og bent á dæmi þar sem þetta hefur valdið vandræðum.
- Bent var á að umsagnir Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu hafi leitt til þess að leyfi til að koma fyrir sjókvíum hafi ekki verið veitt. Það sé mikilvægt að vera vakandi fyrir þessu samráði.

- LS benti á að það ætti að vera ríkari skylda eins og er í skipulagsmálum. Það eigi að skilgreina hagsmunaaðila og ef það eigi að gera breytingar sé lögbundið samráð.

c. Myndband um þyrlubjörgun

Landhelgisgæslan tók að sér að gera myndband. Handrit er að verða klárt og beðið eftir að þyrlur séu lausar í verkið. Það er reiknað með að myndbandið verði tilbúið fyrir áramót.

d. Fulltrúi LS kveður

Axel sagði frá því að aðalfundur Landssambandsins fari fram 17. og 18. október nk. Hann muni ekki gefa kost á sér aftur til formennsku. Þetta sé því síðasti fundur hans. Formaður, fyrir hönd ráðsins, þakkaði honum fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið.

Fundargerð rituðu EÓ og ÁP

Næsti fundur er 7. nóvember 2019.